



Skólaráð Tjarnarskóla
fundargerð 10. fundar
(2. fundur á skólaárinu 2012-2013)
miðvikudaginn 30. janúar 2013 kl. 15:00

Mættir voru:

Margrét Theodórsdóttir, skólastjóri
Helga Júlía Vilhjálmsdóttir, ritari, fulltrúi annars starfsfólks
Þórir Andri Karlsson, kennari
Selma Björk Hermannsdóttir, nemandi í 10. bekk
Isabelle Helga Proppé-Bailey, nemandi í 9. bekk,
Ragnheiður Hansson, fulltrúi grenndarsamfélags

Forföll boðuðu, Elín J. Ólafsdóttir, foreldri, Steinarr Lár Steinarsson, foreldri og Viktoría Gílsdóttir, kennari.

Fundarritari var Helga Júlía Vilhjálmsdóttir

1. Skóladagatal næsta skólaárs

Fyrsta mál á dagskrá var að skoða skóladagatal næsta skólaárs. Ljósriti dreift til kynningar og fundarmenn beðnir að kynna sér vel fyrir næsta fund í skólaráði. Þá er ætlunin að rýna í dagsetningar, koma með tillögur og undirbúa afgreiðslu ráðsins til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Margrét ræddi einnig um að það væri gagnlegt að fá álit ráðsins á hugsanlegum breytingum á ytri ramma stundaskrár fyrir næsta skólaár á þeim fundi. Gott væri að fá álit á lengd hádegishlés og nestishlés um miðjan morgun. Einnig þarf að skoða hugsanlegar áherslubreytingar í kjölfar heildarmats sem Reykjavíkurborg hefur unnið í Tjarnarskóla upp á síðkastið.

2. Niðurstöður heildarmats á næstu grösum, úrvinnsla í skólanum

Í kjölfarið á umræðu um heildarmatið sagði Margrét frá því að niðurstöður væru á næstu grösum og kom með hugmynd um að tengja opna fundinn umfjöllun um niðurstöður heildarmats með foreldrum og nemendum í skólanum. Um leið gæti þetta verið góður vettvangur fyrir nemendur og foreldra til að koma með hugmyndir að enn betra skólastarfi. Allir sammála þessari hugmynd og stefnt að því að hafa opna fundinn í vikunni eftir páska. Nánari tímasetning verður rædd á næsta kennarafundi.

3. Önnur mál

- Ragnheiður spurði um forvarnir hjá skólanum um einelti. Margrét greindi frá því hvernig unnið væri með eineltismál í skólanum og að þrátt fyrir mikla og viðvarandi vinnu á því sviði litum við svo á að aldrei væri nóg að gert. Isabelle og Selma, fulltrúar nemenda, sögðust mjög ánægðar með hvernig unnið væri í eineltismálum sem koma upp hér í skólanum og nefndu nokkur dæmi. Margrét benti einnig á að tvisvar á hverju ári væri gerð könnun á líðan nemenda og samskiptum þeirra og niðurstöður birtar á heimsíðu skólans. Fundar meðlimir sammála um að það væri athugandi að fá einhvern fyrirlesara í skólann til að fjalla um einelti. Þórir benti einnig á að nýbúið væri að sýna kvikmyndina Bully og að það væri hægt að sýna hana í skólanum og skapa umræður.
- Í lokin voru nestismál nemenda rædd. Væri gott að vekja athygli foreldra á óhollustunni sem sumir nemendur eru að fá sér í hádeginu. Ákveðið að taka þetta til umræðu á opna fundinum.

Ákveðið var að næsti fundur í skólaráði yrði þriðjudaginn 12. mars klukkan 15:00.

Fleira ekki gert, fundi slitið eftir rétt rúmlega klukkustund.

HJV